



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangouts 3. mars 2020 kl. 18:00

### Mætt:

Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Ragnar Róbertsson (RR), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Baldvin Hansson (BH), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS)

### Fjarverandi:

Sigurjón Andersen (SA), Halldór Jóhannsson (HJ), Arnar Már Pálmarsson (AMP)

ÞA ritaði fundargerð.

---

#### 1. Slit Akstursípróttanefndar ÍSÍ / LÍA

Gengið frá undirskriftum vegna formlegra slita þessarar nefndar.

#### 2. Öryggisbúr

Næsta úttekt verður á Ljónsstöðum 7. mars.

#### 3. Samræmd keppnisnúmer

Samþykkt að keppnisráð skilgreini í greinareglum hvernig númeringu er háttað í Íslandsmótum, staðsetningu og útliti, vilji ráðið breyta frá því sem er í Reglubókinni.

#### 4. Útgáfa sérstakra AKÍS skirteina

Samþykkt að gefa út sérstök skirteini fyrir stjórnendur og starfsmenn sem hafa réttindi og skyldur.

#### 5. Brautarúttektir

Tom Vidar Kaasa er tilbúinn að koma aftur og taka út föst svæði.

Samþykkt að hann komi hingað í byrjun september, þegar framkvæmdir verða komnar lengra.

#### 6. Námskeið fyrir keppnisstjóra og dómnefnd

Sameiginlegt námskeið fyrir keppnisstjóra og dómnefnd verður haldið 21. mars í Reykjavík og 22. mars 2020 á Akureyri.

Framkvæmdastjóri sendir póst á öll félög að keppnisstjóri og formaður dómnefndar þurfi að hafa sótt námskeið vegna Íslandsmeistaramóta.

#### 7. Íþróttamælingar

Samþykkt að skoða þetta betur í vor.

#### 8. Íðorðasafn

ÍSÍ hefur fengið styrk til að taka saman íðorðasafn íþróttagreina.

Samþykkt að BH skoði málið fyrir hönd stjórnar.



**9. Önnur mál**

**Skoðunardagar öryggisbúra:** Þeir sem ekki telja sig geta komið til skoðunar á þeim dagsetningum sem liggja fyrir, þurfa að koma upplýsingum um það til AKÍS. Opnað verður fyrir sérstaka skráningu fyrir þá á vef AKÍS.

**Reglugerð um akstursípróttir:** AKÍS í samvinnu með MSÍ, HRÍ og ÞRÍ hafa unnið tillögu sem verður lögð fyrir ráðuneyti.

**10. Næsti fundur**

Google Hangouts 10. mars 2020 kl. 18:00.

**11. Fundi slitið kl. 19:20**